

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. Almenn

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

2. Varmaorka.

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	58,76
Mælastærð DN 20	72,26
Mælastærð DN 25	94,40
Mælastærð DN 32	119,20
Mælastærð DN 40	142,20
Mælastærð DN 50	237,30

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

2.2 Rúmmetragjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkun á hita vatnsins.

H1. Almenn heitavatnsnotkun.

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m³</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	105,12

H2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	86,48
----------------------------------	-------

H3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir

Garðyrkja	40,12
-----------	-------

H4. Heimæðagjöld.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi Hitaveitu Flúða.

Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	254.053
Málstærð DN 25 mm	312.949
Málstærð DN 32 mm	469.857
Málstærð DN 40 mm	938.048
Málstærð DN 50 mm	1.557.700

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimtaugagjaldi. Fyrir hverja aukagrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar.

<i>Heimæðagjöld – sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	614.570
25 mm	1.099.663

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega.

Stofngjald – dreifbýli.

Þar sem leggja þarf nýja stofnlögn að hverfi/húsi skal reikna stofngjöld sérstaklega og greiðast þau að fullu við upphaf verks samkvæmt kostnaðaráætlun. Við lok verks er verkið gert upp og þá gætu komið til frekari greiðslur eða endurgreiðsla.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita skal reikna sérstaklega og miðast þau við raunkostnað við lagningu heimæða frá stofni og að tengigrind.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.814 kr.
Lokunargjald	5.471 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækkunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m ³ húsnæðis á mánuði	39,30 kr.
--	-----------

4. *Annað.*

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 1610/2021.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. desember 2022.

F. h. r.

Reynir Jónsson.

Hreinn Hrafnkelsson.